



# REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Fiskeldi Austfjarða hf.\*  
Kennitala: 520412-0930  
Aðsetur: Nesbala 122  
Starfsstöð: 170 Seltjarnarnes  
Starfsstöð: Lónin Kelduhverfi, Kópaskeri  
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1189  
Leyfið gildir til: 2.11.2038

Starfsemi:

SS 1 - Lax / Salmo Salar

Í gildi frá:

2.11.2022

Landeldi. Hámarks lífmassi 600 t. Seiðaeldi. Laxastofn: StofnFiskur.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfis hafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfis hafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slikan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfis hafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hrögna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til framkvæmda sé til staðar. Einnig þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð úttekt Matvælastofnunar og því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfis hafi að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.



Karl S. Óskarsson

Karl Steinar Óskarsson, deildarstjóri fiskeldisdeilda



\*Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir Rifós hf. Rekstrarleyfið hefur verið framselt á nýjan rekstraraðila 10. október 2023 sbr. heimild í 17. gr. laga nr. 71/2008.